

## Ísland á 20. öld

### KENNARI:

Guðni Th. Jóhannesson (gudnith@hi.is, sími 525-4716, 895-2340).

### STAÐUR OG STUND:

2 stundir á viku. Mánudagar kl. 13:00-14:30 í stofu 304 í Árnagarði.

### MARKMIÐ:

Að veita yfirlit um sögu Íslands frá því um aldamótin 1900 og fram á okkar daga.

### KENNSLUHÆTTIR:

Kennsla fer að mestu fram með fyrirlesturum (eingöngu á íslensku!). Jafnframt verða vettvangsferðir ef tilefni gefst.

### LESTRAREFNI:

*Grunnrit* (valdir kaflar úr eftirfarandi ritum):

Einar Laxness: *Íslandssaga a-ö.* 2. útg. Reykjavík 1998.

Gunnar Karlsson: *Íslandssaga í stuttu máli.* Reykjavík 2000.

Gunnar Karlsson: *Sjálfstæði Íslendinga* 3. Reykjavík 1999.

*Ísland í aldanna rás* [1-3]. Aðalhöfundur Illugi Jökulsson. Reykjavík 2000-2002.

*Íslenskur söguatlas* 2-3. Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson. Reykjavík 1992 og 1993.

Ljósrit sem kennari mun dreifa í tímum.

*Hliðsjónarrit:*

Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld.* Reykjavík 2002.

### NÁMSMAT:

Lagt er til að námsmat verði sem hér segir:

**1.** Stúdentar skrifa **eina stutta ritgerð**. Hún á að vera byggð á viðtali við einhvern Íslending og má vera um hvað sem er úr ævi hans eða hennar (til dæmis um æsku á Íslandi, störf, breytingar á þjóðfélaginu á æviskeiðinu og svo framvegis). Allt kemur til greina!

*Allir sem ætla sér að ljúka námskeiðinu verða að skila ritgerð.*

Ritgerðin gildir **20% af lokaeinkunn**.

**2. Skriflegt lokapróf** í lok vorannar. Prófað verður úr því námsefni sem farið verður í á vorönn.

Prófið gildir **80% af lokaeinkunn**.

*Athygli skal vakin á því að til þess að standast námskeiðið verða stúdentar að ná lágmarkseinkunninni 5,0.*

**Ath.:** Frestur til að segja sig úr prófi rennur út 10. apríl.

### **HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI:**

#### **Fyrri hluti:**

- 10. jan. Inngangur: yfirlit námskeiðsins
- 17. jan. Lok sjálfstæðisbaráttunnar: heimastjórn og fullveldi
- 24. jan. Iðnbylting á Íslandi: tæknibreytingar og þjóðfélagsþróun á fyrstu áratugum 20. aldar
- 31. jan. Nýtt flokkakerfi. Kreppan á Íslandi
- 7. feb. Heimsstyrjaldir og stofnun Lýðveldis
- 14. feb. „Bandamaðurinn tregi”: Ísland og kalda stríðið
  
- 21. feb. Upplestrar- og ritgerðarvika: enginn fyrirlestur

#### **Síðari hluti:**

- 28. feb. Þorskastríðin
- 7. mars „Sjálfstætt fólk”: Ísland og Evrópa
- 14. mars „Ísland fyrir Íslendinga”: Þjóðernishyggja og afstaða til útlendinga á 20. öld
- 21. mars „Fjórflokkakerfið”, kvennaframboð og almenn stjórn málaþróun eftir seinna stríð
- 28. mars Páskafrí: enginn fyrirlestur
- 4. apríl Vernd og/eða nýting náttúrunnar: hvalveiðar, þungaiðnaður og virkjanir á 20. öld
- 11. apríl Samantekt: frá fátækt í fámenni til hagsældar í borgum og bæjum
- 18. apríl Aukatími: ritgerðir og undirbúningur fyrir próf